



Dagskrá 890. fundur stjórnar GSÍ, 22. ágúst 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Eggert Á. Sverrisson, Hansína Þorkelsdóttir, Haukur Örn Birgisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar K. Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón Júlíus Karlsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

Heiðursgestir: Jón Ásgeir Eyjólfsson og Júlíus Rafnsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Heimsókn fyrrum forseta GSÍ

Tveimur fyrrum forsetum Golfsambands Íslands var boðið til fundarins, þeim Jóni Ásgeiri Eyjólfssyni og Júlíus Rafnssyni. Tilfnið var að veita Jóni Ásgeiri þakklætisvott vegna starfa sinna í þágu sambandsins og veita viðtöku afmælisgjöf frá Júlíusi Rafnssyni.

3. 75 ára afmæli

Forseti fór yfir dagskrá 75 ára afmælis sem haldið verður upp á þann 26. ágúst næstkomandi með sérstöku afmælis golfmóti og afmæliskvöldverði. Forseti fór meðal annars yfir dagskrá, mælendaskrá, gestalista og þá hugmynd um að kynna Heiðurshöll GSÍ til sögunnar við þetta tækifæri.

4. Heiðursveitingar

Stjórn ræddi hugmyndir um þær heiðursveitingar sem veita skuli á næsta Golfþingi en einnig var áframhaldandi umræða um Heiðurshöll GSÍ og hvernig útfærsla yrði á slíkri framkvæmd og hvernig slík framkvæmd færi á bestan hátt saman við þá heiðurshöll sem ÍSÍ hefur nú sett á laggirnar. Samþykkt var að hefja undirbúning verkefnisins.

5. Úthlutun á Íslandsmótinu í golfi

Fyrir fundinum lá tillaga frá mótanefnd GSÍ. Fyrr á árinu hafði sambandið auglýst eftir áhugasömum mótshöldurum að Íslandsmótinu í golfi vegna áranna 2019-2020 og í framhaldinu fór mótanefnd vandlega yfir þær tillögur sem bárust. Umsóknir bárust frá Golfklúbbi Reykjavíkur vegna ársins 2019 en vegna ársins 2020 sóttu um Golfklúbbur Mosfellsbæjar og Golfklúbburinn Oddur.



Tillaga mótanefndar, sem lögð var fyrir stjórn, var sú að Golfklúbbur Reykjavíkur héldi mótið 2019 og Golfklúbbur Mosfellsbæjar héldi mótið 2020. Tillagan var samþykkt einróma.

Í kjölfarið fór fram umræða um að ljúka vinnu við stigskiptingu keppnisvalla, sem lögð yrði fyrir næsta Golfþing svo hægt verði að vinna samkvæmt þeim reglum frá og með 2021 eða 2022.

Mótanefnd er einnig með í undirbúningi tillögu um að þeir velli sem halda Íslandsmót verði varavellir fyrir þá velli sem halda mótið árið á undan en Jón Júlíus Karlsson formaður mótanefndar mun leggja hana fyrir stjórn þegar hún liggur fyrir.

6. Önnur mál

- Forseti lagði til að boðaður yrði samráðsfundur með golfklúbbum á Norðurlandi í september og að stjórn skipulegði fleiri samráðsfundi fram að Golfþingi.
- Eggert Ágúst Sverrisson benti á að vinna við að endurskoða heildarstefnu sambandsins þyrfti að fara fram en ekki einungis á einstökum sviðum starfseminar, svo sem afreksstefnu.
- LEK sendi erindi til golfsambandsins á dögnum þar sem óskað var eftir viðræðum um aukið samstarf. Stjórn fól Eggerti og Hauki Erni að setjast niður með forystu LEK til þess að ræða næstu skref.
- Útbreiðsluverkefni rædd, nýtt markaðsefni og þar á meðal nýtt myndband sem hefur verið sett í framleiðslu.
- Næsti fundur var boðaður 14.september kl. 17:00 í fundarsal GSÍ

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:10